7.–8. nóvember í Hörpu

Stjórnun fiskveiða

– svo miklu meira en kvóti

# Betra er að róa en reka undan

Heiðrún Lind Marteinsdóttir

BRIM HAMPIÐJAN HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY ICELANDAIR CARGO ISI ICELAND SEAFOOD iTUB marel Pipar\TBWA TM

SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN 2024

Markmið íslenskrar fiskveiðistjórnunar er að **hámarka verðmæti sjávarauðlindar fyrir þjóðarhag**

**Varanlegur útflutningsvöxtur er** grundvöllur sjálfbærs hagvaxtar og lífskjarabóta



# Ávinningur af samstöðu um skýra stefnu

1. Samkeppnishæfni á alþjóðavísu treyst
2. Hvati til að skipuleggja starfsemi út frá langtímasjónarmiðum
3. Fjárfestingar í uppbyggingu á öllum stigum virðiskeðju
4. Aukin verðmæti til samfélags, starfsfólks og eigenda

# Ef rétt er á spilum haldið má tvöfalda verðmætasköpun frá sjávarútvegi á 10-15 árum

**353 milljarðar**

Útflutningsverðmæti sjávarafurða árið 2023

**233 milljarður**

Vinnsluvirði sjávarútvegs árið 2023

**102 milljarðar**

Atvinnutekjur um 7.800 starfsmanna í sjávar-útvegi árið 2022

**85 milljarðar**

Skattspor fyrirtækja í sjávarútvegi árið 2022

# Við höfum val um stefnu

1

## Út í skurð

- Grundvallarþáttum aflamarkskerfis breytt
- Aukin ríkisafskipti
- Grafið undan hafrannsóknum
- Umtalsverð aukin gjaldtaka
- Fjárfestingu í innviðum hamlað

**Minni verðmætasköpun, óhagkvæmur rekstur, hætta á ofveiði, stuðningur frá ríkissjóði**

2

## Slaka á og njóta

- Velgengni og sterk staða eykur hættu á værukærð og stöðnun
- Varðstaða um óbreytt ástand

**Hár launakostnaður fjötur um fót, samkeppnisforskot hverfur, afhendingaröryggi takmarkað, minni verðmætasköpun til framtíðar**

3

## Á toppinn

- Aukið magn afurða
- Hærra verð afurða
- Enn betri nýting afurða
- Aukin skilvirkni og hagkvæmni rekstrar
- Rík samfélagsábyrgð

**Myndarlegt framlag til hagvaxtar, auknar skatttekjur, verðmæt störf, mikið umfang þjónustugreina og nýsköpunar**

# Á toppinn – Meginþættir í tvöföldun verðmætasköpunar

## Traust og stöðugt kerfi

Árangur í fortíð og framtíð byggist öðru fremur á tvennu; varanleika og öryggi aflaheimilda annars vegar og frjálsu framsali aflaheimilda hins vegar. Hófleg gjaldtaka veitir síðan svigrúm til nauðsynlegra fjárfestinga.




## Hafrannsóknir

„Að þrengt sé svo að grunnstarfsemi Hafrannsókna-stofnunar eins og nú er gert, er hættuspil. Hér er orðspor Íslands og forskot í markaðslegu tilliti vegna ábyrgra fiskveiða í hættu. Þá er vottun afurða, sem háð er því að vel sé haldið á rannsóknum á auðlindinni og stjórn veiða, sett í uppnám.“ Jóhann Sigurjónsson, 2022.

## Innviðir

Tryggja þarf góðan jarðveg fyrir kröftuga verðmætasköpun um allt land. Til þess að tryggja áframhaldandi verðmætasköpun í sjávarútvegi þarf að fjárfesta í innviðum – raforku, vegakerfi, hafnarmannvirkjum, flugvöllum o.fl.

## Aukin nýting og vinnsla

Með aukinni tækni og bættum rekstrarskilyrðum myndast grundvöllur til að vinna meira og fleiri afurðir innanlands. Mikil verðmæti liggja í því sem áður var hent.

## Verðhækkanir

Aukin vöruþróun, markvisst sölu- og markaðsstarf á erlendri grundu og bætt markaðsaðgengi með samningum við önnur ríki, skila auknum útflutningsverðmætum.

## Samfélagsábyrgð

Fyrirtæki sem taka samfélagsábyrgð föstum tökum eru ekki aðeins eftirsóknarverð í hugum neytenda, heldur njóta þau einnig forskots í samkeppni um mannauð. Aukin viðurkenning samfélagsins á starfseminni og kerfinu.

# Stefnu verður ekki hrint í framkvæmd nema samstaða sé á meðal breiðs hóps aðila með ólíka hagsmuni


Skrapp í fimm mínútur
kem eftir korter